



HRUNAMANNAHREPPUR

14. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 7. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. JÚLÍ 2019

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 4. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Fosslægur: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á staðnum er um 64 m² hús sem notað hefur verið sem leitarannahús og fyrir ferðafólk á sumrin, einnig gerði fyrir hesta. Húsið var byggt árið 2007. Einnig er um 14 m² geymsla byggð árið 2009. Gisting er fyrir um 22 gesti. Salerni er í húsinu. Vatn er tekið úr læk nokkru norðan við húsið. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Afmörkuð verður um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum og efnistökusvæði. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 2. Leppistungur: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Oddviti kynnti Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Staðurinn er skráður í þjóðskrá, landnr. 166846. Á staðnum er 70 m² hús sem byggt var árið 1987 og 55 m² hús sem byggt var árið 2007. Einnig er þarna gamalt leitarannahús. Þessi hús eru notuð sem leitarannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 m² hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Salerni er í sér húsi og rotþró tengd því. Vatn er tekið úr læk skammt frá. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Afmörkuð verður um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 3. Miklöldubotnar: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á staðnum er um 50 m² hús, byggt árið 1957, einnig

er þarna gerði fyrir fé/hross. Húsið er notað sem leitarmannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Gisting er fyrir um 15 manns. Ekkert salerni er á staðnum og vatn er tekið úr læk skammt frá. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er yfir sumartímenn. Afmörkuð verður um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbólí. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

4. **Frægðarver: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Oddviti kynnti Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á staðnum er gamall torfkofi sem upphaflega var notaður sem leitarmannahús. Í dag er staðurinn notaður sem áningarstaður á reiðleið um Hrunamannahrepp. Engin gisting er á svæðinu og ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Engin salernisaðstaða og vatn er tekið úr læk skammt frá. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Afmörkuð verður um 2 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar og ferðamannasvæði. Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

5. **Rofshólar: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Oddviti kynnti Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á staðnum er gamall torfkofi sem upphaflega var notaður sem leitarmannahús. Í dag er staðurinn notaður sem áningarstaður á reiðleið um Hrunamannahrepp. Engin gisting er á staðnum. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Engin salernisaðstaða og vatn er tekið úr læk skammt frá. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Afmörkuð verður um 1 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði. Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

6. **Heiðará: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Oddviti kynnti Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á staðnum er lítið hús sem notað er sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Engin gisting né salerni. Vatn er tekið úr læk skammt frá. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Afmörkuð verður um 10 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbólí. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

7. **Helgaskáli: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Oddviti kynnti Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á staðnum er 73 m² hús, byggt árið 1988, einnig er þarna 49 m² hesthús, byggt 1990, og hestagerði. Húsið er notað sem leitar-mannahús og fyrir hestahópa á sumrin. Gisting er fyrir 24 gesti. Salerni er á staðnum. Vatnsból er tekið úr læk ofan við húsin. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Afmörkuð verður um 20 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

8. **Efri-Kisubotnar: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Staðurinn er í Efri-Kisubotnum, norðan Kisubotnahnúks. Aðkoma er af vegslóða sem liggur norðan og austan Kerlingarfjalla. Á staðnum er um 20 m² móelhús og gisting fyrir um 10 manns. Húsið hefur verið á staðnum í nokkur ár. Staðurinn er einkum notaður af göngufólki. Engin salernisaðstaða er á staðnum og vatn er sótt í læk skammt frá. Húsið er í eigu rekstraraðila í Kerlingarfjöllum. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Afmörkuð verður rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

9. **Grákollur: Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.**

Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Staðurinn er við Klakkskvísl vestan undir Klakki. Engin mannvirki eru á staðnum. Aðkoma verður af vegslóða sem liggur umhverfis Kerlingarfjöll. Staðurinn er í góðum tengslum við gönguleiðir um Kerlingarfjöll, t.d. hringleið umhverfis þau. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Afmörkuð verður um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert verður ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

10. Svínárnes: Fjallaskáli/skálasvæði á Hrunamannafrétti, deiliskipulag.

Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Staðurinn er nálægt ármótum Sandár og Svínár. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Á staðnum er 50 m² skáli byggður árið 1970, hesthús um 20 m² byggt árið 1960 og annað hesthús, 104 m², byggt árið 1992. Húsin eru notuð sem leitarmannahús og fyrir hestahópa á sumrin. Gisting er fyrir um 32 gesti. Salerni er í sér húsi og rotþró við það. Vatnsból er á árbakka skammt frá húsunum. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Afmörkuð verður um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m². Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamanna-svæði.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

11. Kerlingarfjöll: Hesthús í hálendismiðstöð á Hrunamannafrétti, breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Staðurinn er norðvestan við Kerlingarfjöll og kallast Ásgarður. Aðkoma er af Kjalvegi og um Kerlingarfjallaveg. Á staðnum eru eftirtalin hús skv. þjóðskrá: Skáli 23 m² byggður 1966, Valdimarsskáli 34 m² byggður 1974, Spítalinn 97 m² byggður 1983, La Plata 27 m² byggður 1970, Kastali 53 m² byggður 1980, Rafstöð/stífla 23 m² byggt 1982, Hesthús 49 m² byggt 1978, Sumarbústaður 36 m² byggður 1991. Auk þess er nýleg bygging fyrir gistingu. Skráð stærð lóðar er 10 ha. Á staðnum er rekin ferðaþjónusta og eru mannvirki í eigu rekstraraðila fyrir utan hesthús sem er í eigu Hrunamannahrepps. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu fyrir um 280 manns. Á staðnum er salernisaðstaða og rotþró. Neysluvatn er tekið úr brunni austan Innri-Ásgarðsár. Virkjun er á staðnum og framleiðir hún 55-60 KW, hús eru kynt með rafmagni. Starfsemi er allt árið en aðallega yfir sumartímann. Gerð verður breyting á gildandi skipulagi. Afmörkuð verður um 1 ha lóð fyrir núverandi hesthús. Heimilt verður að stækka núverandi hesthús í allt að 150 m². Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem hálendismiðstöð á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu Eflu dags. 28.6.2019, og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, auk þess að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Óskað verður eftir umsögnum frá Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

12. Mannvirkjastofnun: Samningur um byggingargátt.

Oddviti kynnti samning vegna aðgangs Hrunamannahrepps að byggingargátt Mannvirkjastofnunar en aðgangurinn mun nýtast UTU bs. vegna eftirlits og skráningar byggingarmála. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

13. Lagning ljósleiðara á Flúðum: Auglýsing um áform.

Oddviti kynnti drög að auglýsingu þar sem markaðsaðilum verði aftur gefinn kostur á að upplýsa sveitarfélagið um staðfest áform um lagninu ljósleiðara á Flúðum en fyrri auglýsing var í nóvember 2016. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa aftur og markaðsaðilum verði gefinn frestur til 23. ágúst n.k. til að upplýsa um áform sín.

14. **Brunavarnir Árnæssýslu: Lántaka.**

Oddviti kynnti fyrirhugaða lántöku hjá Brunavörnum Árnæssýslu vegna kaupa á tankbíl.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnæssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við skilmála láns af eigin fé með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnæssýslu. Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri tankbifreið sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Hrunamannahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnæssýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktu Brunavarna Árnæssýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnæssýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

15. **Verslunarmannahelgin: Flúðir um Versló.**

Oddviti fór yfir fyrirkomulag vegna verslunarmannahelgarinnar á Flúðum og hugmyndir um að Sonus viðburðir ehf sjái um viðburðastjórn, skemmtanahald og taki félagsheimilið á leigu um verslunarmannahelgina. Sveitarstjórn samþykkir að gera samkomulag við Sonus um leigu á félagsheimilinu og viðburðastjórn og felur sveitarstjóra eða oddvita að ganga frá samkomulaginu.

16. **Tónsmiðja Suðurlands: Ósk um aukinn nemendakvóta.**

Oddviti kynnti beiðni frá Tónsmiðju Suðurlands um að aukinn nemendakvóta vegna skólaársins 2019-2020. Sveitarstjórn samþykkir að auka nemendaígildi Tónsmiðjunnar um 2 þannig að þau verði 8 í heildina. Gert er ráð fyrir að aukningin rúmist innan núverandi fjárhagsáætlunar.

17. **Skógræktin: Landshlutaáætlun í skógrækt og lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum.**

Oddviti kynnti erindi frá Skógræktinni varðandi landsáætlun í skógrækt og hlutverk sveitarfélagana í því sambandi. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og felur sveitarstjóra skipuleggja fund með Skógræktinni um málið.

18. **Þjóðminjasafnið: Áætlun um uppbyggingu minjastaðar í Galtafelli vegna Einars Jónssonar, myndhöggvara.**

Oddviti kynnti erindi frá Þjóðminjasafninu um áform um uppbyggingu Einarslundar í Galtafelli vegna þeirra menningarminja sem þar eru vegna húsa sem voru í eigu Einars Jónssonar myndhöggvara sem var fæddur í Galtafelli. Sveitarstjórn fagnar áformunum og styður áform þjóðminjasafnins um uppbyggingu í Galtafelli.

19. **Rarik: Staðfesting um lagnaleið um Kjöl og að Kerlingarfjöllum.**

Oddviti kynnti beiðni frá Rarik um staðfestingu á lagnaleið háspennustengs um Kjöl að Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir lagnaleiðina fyrir sitt leyti.

20. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Reglur um ökumenn sem sinna skólaakstri.**

Oddviti kynnti erindi frá Sambandinu varðandi drög að reglum sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið að vinna um réttindi og hæfi ökumanna skólabifreiða. Sveitarstjórn vísar málinu til skólanefndar til umfjöllunar.

21. **Fasteignamat 2020.**

Oddviti kynnti fasteignamat 2020 frá Þjóðskrá en þar kemur fram að fasteignamat í Hrunamannahreppi hækkar um 4,9%.

22. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.**

Oddviti kynnti yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

„Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.“

Sveitarstjórn samþykkir yfirlýsinguna.

23. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Áform um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga í samráðsgáttinni.

Oddviti kynnti áform um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga varðandi Jöfnunarsjóð.

24. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 9. ágúst kl. 9:00.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

25. Veitustjórn: Fundargerð 8. fundar frá 20. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar veitustjórnar frá 20. júní s.l. Lagt var fram rekstraryfirlit vatns- og fráveitu, ákveðið að leggja til að greiddur verði 2. millj. arður út úr Hitaveitu Flúða og tekið fyrir erindi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi um lagningu vatnsveitu í Þrándarholt. Þá var farið yfir kaldavatnsnotkun og rætt um lagningu ljósleiðara á Flúðum. Að fundi loknum var farin skoðunarferð til að skoða hitaveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi og Búrfellsstöð II.

Sveitarstjórn samþykkir að greiddur verði kr. 2. millj. arður á árinu 2019 til sveitarfélagsins og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

26. Fundargerð 178. fundar skipulagsnefndar frá 12. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 178. fundar skipulagsnefndar frá 12. júní og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 20: Hofatún. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn Hrunamannahrepps dags. 5. júní 2019 og tillögu Landform dags. 7. júní 2019 að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Hofatún á Flúðum í Hrunamannahreppi. Breytingin fellst í að einni lóð innan deiliskipulagsins, Suðurhofi 2, er breytt úr einbýlishúsalóð, í þriggja íbúða raðhúsalóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. sömu laga. Að loknu ferli grenndarkynningar er skipulagsfulltrúa falið að senda deiliskipulagsbreytinguna á Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa breytinguna í B-deild stjórnartíðinda.

Mál nr. 21: Smiðjustígur 13A; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn Hrunamannahrepps dags. 5. júní 2019 og tillögu Landform dags. 7. júní 2019 að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Smiðjustíg á Flúðum í Hrunamannahreppi. Breytingin felst í að einni lóð innan deiliskipulagsins, Smiðjustíg 13A, er breytt úr einbýlishúsalóð, í þriggja íbúða raðhúsalóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að öðru leyti en því að raðhúsið verði á einni hæð í stað tveggja og samþykkir tillöguna með þeim breytingum sem óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr.

43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. sömu laga. Að loknu ferli grenndarkynningar er skipulagsfulltrúa falið að senda deiliskipulagsbreytinguna á Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa breytinguna í B-deild stjórnartíðinda.

Mál nr. 22: Berghylur; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn umsókn Jóns G. Eiríkssonar, dags. 17. maí 2019, L166724, fyrir hönd Berghyls ehf. um óverulega breytingu á deiliskipulagi. Umsóknin felur í sér leiðréttingu á rangri stærð lóðar úr 1.050 m² í 1.000 m²

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsfulltrúa falið að senda deiliskipulagsbreytinguna á Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa breytinguna í B-deild stjórnartíðinda.

Mál nr.25: Afgreiðslur byggingafulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. maí s.l.

27. Fundargerð 179. fundar skipulagsnefndar frá 26. júní s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 179. fundar skipulagsnefndar frá 26. júní og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 22: Kotlaugar: Stofnun lóða.

Lögð fram umsókn Sigurjóns Sigurðssonar, dags. 05. júní 2019, ásamt lóðablaði þar sem óskað er eftir stofnun tveggja lóða, Kotlaugar 2 og 3, úr jörðinni Kotlaugar L166794 í Hrunamannahreppi. Kotlaugar 2 er umhverfis núverandi íbúðarhús og Kotlaugar 3 er utan um núverandi starfsmanna- og ferðaþjónustuhús. Samhliða er lóðin Kotlaugar L166795 afmörkuð og hnitsett og er óskað eftir samþykki á afmörkun hennar og að hún fái heitið Kotlaugar 1. Stærð hennar er skv. hnitsetningu 875 fm og er í samræmi við skráningu í Þjóðskrá.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóða 2 og 3 og afmörkun lóðar 1 með fyrirvara um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarka. Ekki er gerð athugasemd við heiti lóðanna eða landskipti skv. 13. grein jarðalaga. Sigurður Sigurjónsson víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 23: Syðra-Langholt: Umsókn um byggingarleyfi, gestahús.

Tekin var fyrir umsókn Snorra Freys Jóhannessonar dags. 2. júní 2019, á afgreiðslufundi byggingafulltrúa 20. júní 2019 um byggingarleyfi til að byggja tvö gestahús, 44,9 m² og 19,6 m² á lóðinni Syðra-Langholt 3 lóð (L198343). Heildarstærð 64,5 m². Málinu var vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar.

Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingafulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. júní s.l.

28. NOS: Fundargerð frá 7. júní s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð NOS frá 7. júní s.l. Þar var m.a. gengið frá ráðningu Ragnheiðar Hergeirsdóttur og ársreikningur 2018 samþykktur. Þá var lagt til að aukið verði við stöðugildi sálfræðings þannig að ráðinn yrði sálfræðingur í 100% starf, rætt um bakvaktir félagsþjónustunnar og persónuverndarmál.

Sveitarstjórn samþykkir að ráðinn verði sálfræðingur í 100% starf og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

29. Bergisinn bs. Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 27. maí s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnarfundar Bergisins bs frá 27. maí s.l. til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 546. fundar stjórnar frá 16. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 197. fundar stjórnar frá 11. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fundargerð vofundar frá 10. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 281. fundar stjórnar frá 11. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

- e. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 9. fundar stjórnar frá 25. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- f. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð byggingarnefndar Búðarstígs 22 frá 25. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Breytingartillaga vegna framlaga jöfnunarsjóðs.**

Lagt fram til kynningar.

- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 871. fundar stjórnar frá 29. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 872. fundar stjórnar frá 21. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um málefni miðhálandisþjóðgarðs.**

Lagt fram til kynningar.

- k. Skipulagsstofnun. Afrakstur samráðs um lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu.**

Lagt fram til kynningar.

- l. Skipulagsstofnun. Deiliskipulag miðsvæðis á Flúðum vegna Grafar og Laxárhlíðar.**

Lagt fram til kynningar.

- m. Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps.**

Lagt fram til kynningar.

- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Álagningarprósentur fasteignaskatts.**

Lagt fram til kynningar.

- o. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2018.**

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 6. september n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- q. EBÍ: Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ 20. september n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:25.